

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag fyrir bæjartorfu Litlu-Reykja, íbúðarhús og útihús.

Í deiliskipulaginu felst að gert er ráð fyrir tveimur nýjum, allt að 300 m² íbúðarhúsum, tveimur allt að 300 m² skemmum, einni allt að 500 m² skemmu, 800 m² fjósi, 200 m² hlöðu/aðstöðuhúsi og 400 m² gripahúsi. Í dag eru tvö íbúðarhús á jörðinni auk útihúss og er gert ráð fyrir að annað íbúðarhúsið verði rífið og nýtt allt að 300 m² verði byggt á sama stað.

Samþykkt í sveitarstjórn 7. ágúst 2013.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 12. maí 2014.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 28. maí 2014